

Enska 103 fyrir félagsmenn BSRB (60 kest.)

Námskeiðið er fyrir fólk sem hefur nokkra undirstöðukunnáttu í ensku og er þyngd námsefnis samsvarandi fyrsta áfanga í framhaldsskóla. - Áhersla er lögð á undirstöðuatriði enskrar tungu, lestur, orðaforða, ritun, hlustun og málfræði. Farið er í helstu málfræðiatríði sem nemendur eiga að hafa á valdi sínu við lok grunnskólanáms. Lögð er áhersla á lestur með lestri skáldsagna, til að byggja upp orðaforða og auka máltilfinningu. Kennslan fer að miklu leyti fram á ensku þannig að nemendur þjálfast bæði í að tala og skilja málið. Formlegt námsmat er í námskeiðinu og er það einingabært á framhaldsskólastigi. Heimavinna er í námskeiðinu. Nemendur kaupa námsbækur sjálfir.

Kennari: Beth Unger, hagfræðingur, flutti til Íslands frá Bandaríkjunum árið 2003 og hóf fljótlega enskukennslu í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Áður hafði hún reynslu af að kenna sem sjálfboðaliði í Wilmington, North Carolina, sérstaklega seinfærum nemendum.

Tími : Þriðjud. og fimmtud. 1. 3. 8. 10. 15.17. 22. og 24. feb. og 1. 3. 8. 10. 15. 17. 29. og 31. mars. kl. 17-19:30 (16 skipti).

Lesefni: Fast Track to FCE (Coursebook) Kaflar 1-6

Ný ensk málfræði fyrir framhaldsskóla (Mál og menning)

20th Century English Short Stories (Longman)

Ein af eftirtöldum kjörbókum til lestrar: Lucy by Jamaica Kincaid, Tuesdays with Morrie by Mitch Albom eða The Outsiders by S.E. Hinton. Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að enskri orðabók.

Verð: 33.000 Kennt verður í Fjölbrautaskólnum við Ármúla, stofu M32.

Enska fyrir félagsmenn BSRB (30 kest.) - Tvö námskeið

Námskeiðin eru fyrir fólk sem hefur nokkra undirstöðukunnáttu í ensku, en vill treysta grunninn og byggja ofan á hann. - Megináhersla er lögð á talmál, að byggja upp orðaforða og grunnatriði málfræði. Gerðar eru talæfingar og framburður æfður. Farið er í samtalsleiki og einnig æfingar í upplestri. Markmiðið er m.a. að nemendur geti átt óformleg, skrifleg samskipti á ensku við t.d. tölvu- eða bréfasamskipti. Kennari dreifir námsefni.

Kennari: Hallfríður Þórarinsdóttir er mannfræðingur. Hún bjó til margra ára í New York borg og kenndi þar við háskóla. Hér heima hefur hún starfað við símenntun fullorðinna og haldið fjölda námskeiða, auk þess að kenna við Háskóla Íslands og aðra háskóla.

Tími:

Fyrri námskeið: Mánud. og miðvikud. 31. jan., 2., 7., 9., 14., 16., 21. og 23. feb. kl 17 - 19:30 (8 skipti)

Síðara námskeið: Mánud. og miðvikud. 4., 6., 11., 13., 18., 20., 25. og 27. apríl kl 17 - 19:30 (8 skipti)

Verð: 18.000 Kennt verður í Fjölbrautaskólnum við Ármúla, stofu M32.